

## GJALDSKRÁ

### vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi.

1. *Almennt.*

Hrunamannahreppur innheimtir gjald skv. gjaldskrá þessari fyrir móttöku og hreinsun seyru, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010 og samstarfssamning sveitarfélaganna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps varðandi móttöku og hreinsun á seyru.
2. *Móttökugjöld á Seyrustöðum að Flatholti 2, Flúðum.*

Móttökugjald á verkaða seyru er kr. 38 + vsk pr. kg.
3. *Hreinsunargjald vegna tæmingar rotþróa.*
  - a) Aðildarsveitarfélög:

Sveitarfélögin greiða kr. 550 á hvern ekinn km vegna reksturs hreinsibifreiðar.  
Aukalosanir á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 40.540 á stk. og kr. 550 á km  
Aukalosanir á rotþró sem sérferð kr. 96.850 á stk. og kr. 550 á km  
Beiðni um aukalosanir skulu ávallt fara í gegnum þjónustufulltrúa seyruverkefnis og sér Hrunamannahreppur um innheimtu gjalds vegna aukalosana í Hrunamannahreppi, Bláskóga- byggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi samkvæmt þessari gjaldskrá.
  - b) Aðrir aðilar:

Rotþró undir 6 m<sup>3</sup> kr. 41.327 á stk. auk kr. 550 á hvern ekinn km.  
Rotþró yfir 6 m<sup>3</sup> kr. 5.630 á m<sup>3</sup> auk kr. 550 á hvern ekinn km.  
Greitt er kílómetragjald bils til og frá Seyrustöðum og að rotþró.  
Að auki er greitt móttökugjald fyrir hvert kg seyrunnar skv. 2. lið gjaldskrár þessarar.
4. *Önnur ákvæði.*
  - a) Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma hjá öðrum aðilum en aðildarsveitarfélagunum.
  - b) Gerð er krafa um að seyra sem móttekin er á Seyrustöðum sé eins hrein og kostur er og að aðskotahlutir fylgi ekki með. Ef þarf að hreinsa seyru vegna aðskotahluta er heimilt að innheimta 25% álag á móttökugjaldskrá.
  - c) Sveitarfélögin hafa forgang um að nýta hreinsibifreið fyrir sínar þarfir áður en seld er út þjónusta til annarra aðila.
  - d) Almennt er móttaka á Seyrustöðum háð tíðar- og veðurfari varðandi afsetningu á seyru og sveitarfélögin eru ekki skuldbundin til að móttaka seyru nema hægt sé að koma henni í afsetningu.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í stjórn seyruverkefnisins 7. nóvember 2022 og í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 15. desember 2022, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi nr. 1453/2021.

*Hrunamannahreppi, 16. desember 2022.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** sveitarstjóri.